

Héraðssaksóknari
Skúlagötu 17
101 Reykjavík
Hr. Ólafur Þór Hauksson

Reykjavík 9. janúar 2017.

Efni: **Kæra þrotabús EK1923 ehf vegna ráðstöfunar á innistæðu á bókarlausum reikningi nr. 105502 / 4788.2016.**

EK1923 ehf, kt. 510169-3449, sem áður hét Eggert Kristjánsson hf Heildverzlun (EK) var úrskurðað gjaldþrota þann 7. september 2016 en frestdagur við skiptin er 9. maí 2016 (fskj. 17). Undirritaður skiptastjóri í skiptum þrotabúsins legg hér með fram kæru til virðulegs embættis Héraðssaksóknara á hendur **Skúla Gunnari Sigfússyni**, kt. 110966-5049 sem fyrrum eiganda og stjórnarmanni í EK og eiganda og stjórnarmanni í Sjöstjörnunni ehf., kt. 501298-5069 og **Guðmundi Hjaltasyni**, kt. 241063-5509, framkvæmdastjóra Sjöstjörunnar ehf. fyrir auðgunarbrot, skjalabrot og ranga skýrslugjöf.

Brot kærðu lýsa sér í því að þeir hafi með ólögum hætti tileinkað sér fyrir hönd Sjöstjörunnar **kr. 21.316.582** með því að láta starfsmann Íslandsbanka þann 15. marz 2016 millifæra þá fjárhæð af bundinni bankabók í eigu EK yfir á reikning Sjöstjörunnar og með þessum hætti haldið fjárhæðinni með ótilhlýðilegum hætti frá öðrum kröfuhöfum þrátt fyrir að gjaldþrot félagsins væri yfirvofandi og hafa eftir að félagið var tekið til gjaldþrotaskipta leynt skiptastjóra upplýsingum um þessar ráðstafanir og í kjölfar bréfs skiptastjóra dags. 23. desember 2016 útbúið skjöl sem sýna ættu að Sjöstjarnan ætti veð í umræddum fjármunum.

Vísast um þetta til XVII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Er þá einkum um heimfærslu horft til annars vegar 158. gr. um skjalabrot og hins vegar til ákvæðis 247. gr. um fjárdrátt eða 249. gr. um umboðssvik og ákvæðis 250. gr. um skilasvik. Einnig er á því byggt að kærðu hafi með skýrslugjöf sinni hjá skiptastjóra brotið gegn XV. kafla alm. hgl og er þá einkum vísað til 146.gr. Það er hins vegar að sjálfsögðu ákærvalds að meta rétta heimfærslu brota þessara.

Greinargerð:

Eignarhald á EK var með þeim hætti að kærði Skúli oft kenndur við Subway er 100% eigandi Leitis eignarhaldsfélags ehf, kt. 560703-2010. Leiti var 100% eigandi EK og Stjörnunna ehf, kt. 410949-0169, sem er rekstrarfélag Subway veitingastaðanna. Stjarnan er síðan eigandi 81,5% hlutafjár í Sjöstjörnunni ehf. á móti 18,5% Leitis. Sjöstjarnan er fasteignafélag kærða Skúla.

Í árslok 2013 keypti Leiti, ásamt 2 öðrum minni hluthöfum allt hlutafé í EK. Megintilgangur kærða Skúla var með kaupnum á EK var, skv. framburðum meðfjáfesta, að ná undir sig fasteigninni Skútuvegur 3 í Reykjavík. Sem varð raunin, því fljótlega í kjölfar kaupanna á EK leysti Sjöstjarnan til sín Skútuvegur 3 á fáheyrðu undirverði. Ákveðið var hins vegar að EK greiddi leigu fyrir allt húsnæðið þrátt fyrir að nota aðeins hluta þess. Hefur þrotabúið farið af stað með riftunaraðgerðir vegna þessara fasteignaviðskipta.

Þann 1. október 2015 var gerður kaupsamningur um fasteignina Skútuvegur 3 þegar seldi Reitum I ehf., kt. 510907-0940 eignina. Kaupverð var ákveðið 670 milljónir kr. Reitir I yfirtóku leigusamning Sjöstjörunnar við EK og var það hluti af skilmálum kaupanna að þeim fylgdi bankaábyrgð vegna húsaleigu. Er vísað um þetta til fskj. 1.

Í tengslum við söluna kom fram beiðni til Íslandsbanka frá eigendum EK um að bankinn myndi gefa út húsaleiguábyrgð til tryggingar húsaleigu EK í Skútuvogi 3 (fskj. 7). Bankinn samþykkti það gegn handveði í samsvarendi fjárhæð á bundinni bók.

Sama dag og kaupsamningur um Skútuvog 3 var undirritaður gaf Íslandsbanki út yfirlýsingu vegna húsaleiguábyrgðar (fskj. 2), þar sem bankinn staðfesti að hafa samþykkt húsaleiguábyrgð til tryggingar skuldbindingum EK skv. leigusamningi dags. 21. júlí 2015 um Skútuvog 3. Húsaleiguábyrgð þessi var í yfirlýsingu Íslandsbanka ákveðin kr. 20.843.316 og var fjárhæð þessari ætlað að tryggja Reiti I gagnvart mögulegum vanskilum á leigugreiðslum og tjóni á hinu leigða. Skyldi þessi ábyrgð gilda til 31. júlí 2020.

Að baki þessari húsaleiguábyrgð var bókarlaus reikningur nr. 105502; „bundin bók v/leigu“ eins og þessi reikningur er nefndur í bókum EK (fskj. 11). Inn á hana voru lagðar kr. 21.000.000 sama dag og leiguábyrgðin var gefin út (fskj. 4). Fjárhæð þessi var millifærð inn á bókina fyrir um daginn af tékkareikning Sjöstjórnunnar nr. 515-26-676 og þar á undan sama dag af reiknings sama félags nr. 515-04-6253766 (fskj. 3). Í tengslum við téða innlögn á reikning 105502 ritaði Gunnar Thoroddsen þáverandi stjórnarmaður EK undir handveðsyfirlýsingu á hinum bókarlausa reikningi nr. 105502 (fskj. 5). Var um allsherjarveð að ræða til tryggingar á öllum skuldum og öðrum fjárskuldbindingum EK í bankanum. Kemur þar fram að aðeins Íslandsbanki gæti ráðstafað fé af reikningnum og EK að sama skapi óheimilt að taka fé út af reikningnum. Var reikningur þessi því það sem kallað er bundinn reikningur.

Fram kemur í tölvupósti Guðmundar Hjaltasonar til Íslandsbanka þann 1. október 2015 kl. 16:39 og í tölvupósti Smára Björnssonar sama dag kl. 16:42 (fskj. 8) að þessi 21 mkr eigi að bakfærast frá EK til Sjöstjórnunnar þar sem sjálfskuldarábyrgð Leitis eignarhaldsfélags ehf, eiganda EK eigi að koma í staðinn. Segir í tölvupóstum beggja að aðgerðin sé aðeins tímabundin. Samkvæmt upplýsingum Íslandsbanka kom þessi sjálfskuldarábyrgð Leitis aldrei til, enda fékkst ekki samþykki fyrir því í bankanum að aflétta handveðsetningunni á reikningi 105502 gegn sjálfskuldarábyrgð Leitis og voru því þessir fjármunir áfram inni á umræddum reikningi og leiguábyrgðin í fullu gildi (fskj. 26). Liggur einnig fyrir staðfesting Reita I að engin sjálfsskuldarábyrgð hefði leyst af hendi leiguábyrgð bankans.

Fjármunir þessir voru ekki greiddir inn á reikning í eigu Sjöstjórnunnar, á fjárvörslu á nafni Sjöstjórnunnar eða með nokkrum hætti sérgreindir í bókum EK sem eign Sjöstjórnunnar, heldur greiddir inn á bókarlausan reikning í eigu EK án nokkurra fyrirvara eða afmörkunar. Byggt er á því að enginn sérstakur samningur hafi verið gerður í tengslum við þessa innlögn á þennan reikning EK, hvorki á milli EK og Sjöstjórnunnar, né Sjöstjórnunnar og bankans eða EK og bankans. Er því augljóst að um lánveitingu var að ræða frá Sjöstjórnunni til EK, sem á þessum tíma var ekki í stakk búið sjálft til þess að fá leiguábyrgðartryggingu frá Íslandsbanka, enda ekki greitt leigu um langa hríð til Sjöstjórnunnar. Sjöstjarnan lánaði EK þessa fjármuni til að leggja inn á bókina sem baktryggingu vegna leiguábyrgðar Íslandsbanka gagnvart Reitu I, þannig að salan á Skútuvogi 3 til Reita I gæti farið fram. Þarf þessi lánveiting Sjöstjórnunnar til EK ekki að koma á óvart þar sem salan á Skútuvogi 3 til Sjöstjórnunnar og áfram til Reita I skilaði Sjöstjórnunni u.þ.b. 400 milljón kr hagnaði.

Þann 11. marz 2016 var undirritað samkomulag um leigulok milli EK og Reita I um Skútuvog 3 þar sem formleg leigulok skyldu verða 31. marz 2015 (fskj. 12). Þann dag skyldi húsnæðið vera rýmt þar sem Parlogis hóf leigu á húsnæðinu þann 1. apríl 2016. Síðan segir í samkomulaginu: „Bankaábyrgð Eggerts Kristjánssonar ehf, sem stendur til tryggingar leigugreiðslum fellur niður um leið og Parlogis afhendir Reitu I nýja bankaábyrgð fyrir leiguskuldbindingu sinni.“ Það gekk eftir og féllu Reitir I þar með frá því að ganga að þessari leiguábyrgð Íslandsbanka, þrátt fyrir að til staðar væru umtalsverð vanskil EK á húsaleigu.

Þann 14. marz 2016 fékk Íslandsbanki fyrirmæli frá kærða Guðmundi um að millifæra inneignina á reikningi 105502 yfir á reikning Sjöstjórnunnar nr. 111-26-736. Vísast um þetta til fskj. 27 en þar kemur fram hjá starfsmanni Íslandsbanka að fyrirmælin hafi komið frá kærða Guðmundi. Þennan dag kl. 15:47 sendi Silja Guðmundsdóttir lánastjóri í útibúinu á Kirkjusandi tölvupóst til kærða Skúla þar sem hann var beðinn um að staðfesta að þessi millifærsla ætti að eiga sér stað. Það gerði hann með tölvupósti kl. 16:46 þennan saman dag, sbr fskj. 13. Kærði Guðmundur fékk einnig þennan tölvupóst Skúla til sín. Næsta morgunn, þann 15. marz 2016 var þessi millifærsla framkvæmd með því að kr. 21.316.582 voru greiddar inn á reikning Sjöstjórnunnar og reikningur 105502 eyðilagður. (Fskj. 16).

Í skýrslu R101 um viðskipti EK og tengdra félaga er vakin athygli á því að þann 10 október 2015 sé færð skuld við Sjöstjórnuna að fjárhæð sléttar 21 mkr. Texti færslunnar sé „Innborgun ábyrgð v/leigu“ og sé mótbókun á fjárhagsreikning 3071 „**BUNDIN BÓK V/LEIGU 105502 ISL**“ og vísað í fylgiskjal 3427 sem fylgir sem fylgiskjal 5 með skýrslu R101. Sama færsla sé bakfærð af viðskiptareikningi Sjöstjórnunnar og skuldfærð á fjárhagsreikning 4440 „**LÁN V/TRYGGINGAR LEIGUÁBY**“ og standi þar í dag sem skuld.

Skiptastjóri EK telur að í þeim gerningi að millifæra ofangreinda fjármuni af bankabók EK til Sjöstjórnunnar, felist einhliða sjálftaka í formi uppgjors á fjárkröfu Sjöstjórnunnar á hendur EK vegna lánveitingar til EK þegar Sjöstjarnan lagði áður nefnda fjármuni inn á reikning EK í þeim tilgangi að Íslandsbanki gæfi út leiguábyrgð til Reita I vegna leigusamnings við EK. Þetta uppgjör EK á kröfu Sjöstjórnunnar fór fram á þeim tíma þegar rekstur EK var fullkomlega kominn að fótum fram.

Kærði Skúli var eini eigandi EK á þessum tímapunkti í gegnum eignarhald sitt á Leiti eini stjórnarmaðurinn og prókúruhafi félagsins. Hann var einnig eini stjórnarmaður Sjöstjórnunnar á þessum tíma og eini eigandi í gegnum eignarhald sitt á Leiti og Stjórnunni. Framkvæmdastjóri og prókúruhafi Sjöstjórnunnar er kærði Guðmundur, en hann gaf skýrslu hjá skiptastjóra í upphafi skiptanna á EK fyrir hönd Skúla sem ráðgjafi hans, sbr. fskj. 18. Hafði hann unnið að sölutilraunum og endurskipulagningu EK mánuðina á undan með Friðriki Friðrikssyni, frá ráðgjafarfyrirtækinu Advance. Gaf hann einnig skýrslu með Friðriki hjá skiptastjóra þann 21. september 2016 (fskj. 19). Kærði Skúli gaf skýrslu hjá skiptastjóra þann 11. nóvember 2016, sbr. fskj. 20.

Bæði kærði Skúli, sem staðfesti millifærsluna til Sjöstjórnunnar og kærði Guðmundur sem óskaði eftir millifærslunni og tók við henni, voru þann 15. marz 2016 fullkomlega meðvitaðir um að EK var ógjaldfært á þessum tíma og varð það enn frekar með þessum gerningi. Stjórnendur og starfsfólk var löngu lagt á flóttu frá fyrirtækinu og kærði Skúli hafði ráðið ráðgjafann Friðrik til þess að leysa upp eignir og semja við lánardrottna og var kærði Guðmundur honum til halds og trausts. Sýn Friðriks var sú í skýrslu sem hann gaf hjá skiptastjóra, ásamt Guðmundi, þann 21. september 2016, að í janúar 2016, og jafnvel fyrr, hafi EK verið orðið tæknilega gjaldþrota. Fram kom í skýrslu kærða Guðmundar frá 9. september 2016 að í marz 2016, sama mánuði og fjármunirnir voru millifærðir á Sjöstjórnuna, hafi verið orðið ljóst að staða EK væri þannig að „þetta var búið spil; ekki yrði hægt að snúa við rekstri né selja félagið“, eins og segir orðrétt.

Vegna stöðu kærða Skúla hjá báðum félögum og stöðu kærða Guðmundar hjá Sjöstjórnunni og aðkomu hans að endurskipulagningu EK, með hliðsjón af því að báðir voru fullkomlega grandsamir um ógjaldfærni EK og í ljósi þess að umrætt fé var ekki verðmæti í eigu Sjöstjórnunnar í vörzlum EK, þannig að hefði orðið um að ræða kröfu utan skuldaraðar í skilningi 109. gr. laga um gjaldþrotaskipti og fleira nr. 21/1991 (gbl), er ljóst að greiðsla þessi stenst ekki. Hefur þrotabúið rift gerningnum og krafist endurgreiðslu á ofangreindum kr. 21.316.582, sbr. bréf þess efnis dags. 23. desember 2016 (fskj. 22).

Kærði Guðmundur, framkvæmdastjóri Sjöstjórnunnar svaraði skiptastjóra með bréfi dags. 30. desember 2016 (fskj. 24). Í bréfi þessu er kynntur til sögunnar lánssamningur milli EK og Sjöstjórnunnar (fskj. 6), sem á að hafa verið undirritaður þann 1. október 2015, eða sama dag og leiguábyrgðin var gefin út og kaupsamningurinn við Reita I. Lánssamningurinn er undirritaður af kærða Skúla, en fram kemur að Gunnar Thoroddson, sem var þá einn stjórnarmaður EK, hafi staðfest að skilningur EK hafi verið sá að fjármunir þessir væru lagðir til EK eingöngu vegna ábyrgðarinnar og ætti því að skila um leið og skuldbinding gagnvart bankanum (vegna ábyrgðarinnar) væri fallin niður og hafi aldrei átt að teljast til rekstrarfjármuna EK. Hafi tilkynning verið send Íslandsbanka um að ráðstöfun þessi væri tímabundin og skyldi bakfærast frá EK til Sjöstjórnunnar. „Var Íslandsbanka sem vörsluaðila innistæðunnar þar með kunnugt um rétt Sjöstjórnunnar til innstæðunnar.“ Segir síðan að þegar húsaleiguábyrgð Íslandsbanka hafi verið felld niður og bankinn samhliða fellt niður handveð á innistæðunni hafi innistæðunni verið ráðstafað til Sjöstjórnunnar á grundvelli framangreinds réttar Sjöstjórnunnar til greiðslunnar. Segir síðan: „Er því rangt að um einhverja einhliða sjálftöku hafi verið að ræða í formi uppgjors á fjárkröfu Sjöstjórnunnar, hvað þá að um refsiverðan verknað hafi verið að ræða, þar sem einfaldlega var um að ræða endurgreiðslu gjaldfallins láns, sem greitt var af bundinni innistæðu í Íslandsbanka sem ekki var til frjálstrar ráðstöfunar fyrir EK. Eins og atvikum var háttað var því um fullkomlega venjulega endurgreiðslu skuldar að ræða.“

Í lánssamningi þeim sem fylgdi bréfi Sjöstjórnunnar kemur fram að Sjöstjarnan láni EK 21 mkr vegna áskilnaðar Íslandsbanka um reiðufjártryggingu í tengslum við yfirlýsingu bankans um húsaleiguábyrgð. Segir að fjárhæðin hafi verið lögð inn á bankareikning lántaka nr. 515-14-105502, sem sé veðsettur bankanum með 1. veðrétti vegna útgáfu bankans á húsaleiguábyrgð. Segir svo í ákvæði 2.3 í lánssamningnum: „Lántaki samþykkir að til tryggingar skilvísri og skaðlausri endurgreiðslu lánsfjárhæðarinnar, ásamt vöxtum, dráttarvöxtum, vanskilaálögum, gjöldum, kostnaði og annars, hverju nafni sem það nefnist, skuli innstæða á bankareikning lántaka nr. 515-14-105502, eins og innstæða reikningsins er á hverjum tíma, ásamt vöxtum, verðbótum og hvers konar öðrum greiðslum sem inn á reikninginn kunna að koma, sett að veði með 2. veðrétti og uppfærslurétti, næst á eftir veðrétti Íslandsbanka og teknu tillit til veðréttar Íslandsbanka.“ Um endurgreiðslu og gjaldfellingu segir í lánssamningnum að EK skuldbindi sig til þess að endur-

greiða lánsfjárhæðina, ásamt vöxtum, með einni greiðslu þegar lánveitandi tilkynni um gjaldfellingu láns-samnings (e. on demand), að teknu tilliti þó til veðréttar bankans. Segir að EK skuli endurgreiða lánsfjár-hæðina, ásamt vöxtum, eigi síðar en tveimur virkum dögum frá því að lántaki tilkynni um gjaldfellingu láns-samnings, hafi Íslandsbanki aflétt veðrétti yfir bankareikningnum. Segir að lánsfjárhæðin sé óverðtryggð en skuli bera 7% ársvexti.

Svör kærða Guðmundar eru þvættingur og lögfræðilegur hrærigrautur, sem bera það algerlega með sér að vera yfirlýsing og eftiráskýringar manna sem áttað hafa sig á því að upp um þá hefur komist og samningur sá sem lagður var fyrir skiptastjóra er augljóslega skjal sem búið er til eftirá til að reyna að færa hina refsiverðu háttsemi og riftanlegu millifærslur í viðskiptalegan búning láns sem hafi verið gjaldfallið. Svarbréf kærða Guðmundar gerir ekkert annað en að staðfesta málatilbúnað skiptastjóra og með „lánssamningnum“ bætist bara við sakargiftirnar.

Skiptastjóri telur ljóst að „lánssamningur“ EK og Stjórnunnar sem dagsettur er 1. október 2015 hafi ekki verið gerður þann dag heldur eftir á, í kjölfar bréfs skiptastjóra. Skal það rökstutt með eftirfarandi hætti:

a. Eins og tölvupóstsamskipti kærða Guðmundar og Smára Björnssonar verkefnastjóra hjá Sjöstjórnunni bera með sér átti þessi ráðstöfun, sem fólst í millifærslu af reikningum Sjöstjórnunnar inn á bankareikning EK aðeins að vera til skamms tíma. Segir í tölvupóstum beggja til Silju Guðmundsdóttur lánastjóra útibúsins að Kirkjusandi þann 1. október 2015: „*Staðfestið að fjárhæðin eigi að vera 21 mkr. og hún eigi að bakfærast frá EK til Sjöstjórnunnar aftur þar sem sjálfskuldarábyrgð Leiti á að koma í staðin. Þessi aðgerð er aðeins tímabundin.*“ Í ljósi þess að þessi fjármögnun Sjöstjórnunnar átti þann 1. október 2015 aðeins að vera til bráðabirgða og endurgreiðast um leið og sjálfskuldarábyrgð Leitis kæmi til, er ekki heil brú í því að gerður sé á sama jafn ítarlegur lánssamningur með veðrétti í bankainnistæðunni og kærðu vilja vera láta.

b. Ekkert kemur fram á lánssamningnum um höfund skjalsins og skjalið er undirritað af varamanni í stjórn EK, kærða Skúla, þeim manni sem mestra hagsmuna hefur að gæta af því að gerningur þessi haldi. Ekki aðeins rituðu hvorki eini stjórnarmaður EK undir lánssamninginn né framkvæmdastjóri EK undir lánssamninginn heldur höfðu þeir enga vitneskju um hann eða veður. Þannig segir Páll Gústaf Arnar þáverandi framkvæmdastjóri í tölvupósti til skiptastjóra þann 30. desember 2016 (fskj. 25) að hann hafi aldrei séð samninginn. Gunnar Thoroddsen, sem var eini stjórnarmaður félagsins, svaraði fyrirspurn skiptastjóra sem var beint til hans þann 23. desember 2016, þar sem hann var meðal annars var spurður út í það hvort hann minntist þess að gerður hafi verið einhver samningur milli EK og Sjöstjórnunnar í tilefni af innlögninni á reikning EK, þannig: „*Eins og ég sagði í símann man ég ekkert eftir þessu og get því ekkert fullyrt um málið, af eða á.*“ (Fskj. 23). Skjalið er síðan vottað af eiginkonu kærða og Ragnheiði Bragadóttur. Ragnheiður mun vera starfsmaður Stjórnunnar. Er rétt að benda á að í tölvupósti þann 7. marz 2016, fjórum dögum fyrir samning EK og Reita I um leigulok, er þessi sama Ragnheiður að senda fyrirspurn til Íslandsbanka um samning bankans og Sjöstjórnunnar vegna 21 mkr handveðs vegna leigusamnings EK og Reita (fskj. 21).

c. Í handveðsyfirlýsingunni frá 1. október 2015 kemur fram að þegar innistæða á bók EK nr. 515-14-105502 er veðsett Íslandsbanka er hið veðsetta að öllu leyti kvaðalaust og að á því hvíla engin veðbönd eða fyrirvarar um eignarrétt annarra. Þrátt fyrir það að um það eigi að hafa verið samið í lánssamningi milli EK og Sjöstjórnunnar sama dag og handveðsyfirlýsingin var gefin út að krafa Sjöstjórnunnar væri tryggð með 2. veðrétti í innistæðunni á bók nr. 515-14-105502 með uppfærslurétti, er handveðsréttarhafanum Íslandsbanka, sem sagður er í lánssamningnum vera á 1. veðrétti, aldrei tilkynnt um þennan 2. veðrétt Sjöstjórnunnar og uppfærslurétt, hvað þá að aflað hafi verið samþykkis Íslandsbanka, þrátt fyrir ótvíræða skyldu. Eftirfarandi ákvæði getur að finna í handveðsyfirlýsingu til handa Íslandsbanka: „*Á meðan veðsetning þessi varir er veðsala með öllu óheimilt að veðsetja eða framselja hið veðsetta, nema með skriflegu samþykki veðhafa.*“ Slíks samþykkis hefur aldrei verið aflað og enn síður hefur það verið veitt. Ekki er einu orði á það minnst í tölvupóstsamskiptum áður nefndrar Ragnheiðar við Silju lánastjóra Íslandsbanka þann 7. marz 2016 að Sjöstjórnun sé á 2. veðrétti á eftir bankanum.

d. Dauðaleit hefur verið gerð að þessum „lánssamningi“ í bókhaldsgögnum EK. Hann er hvergi að finna í fylgiskjalamöppum EK né heldur hefur nokkuð verið um hann bókað í rafrænu bókhaldi EK. Er rétt að vekja athygli á því að þann 16. desember 2015 sendi bókarí EK, Brynja Björk Hinriksdóttir, svohljóðandi fyrirspurn á Pál Gústaf Arnar þáverandi framkvæmdastjóra EK: „*Sælir. Á 21M sem liggur inn á Íslandsbanka að vera þar fram yfir áramót? Ef já, þá þurfum við að fá einhverja pappíra varðandi þessa peninga. Hvar eiga þeir að standa í ársreikningi og hver er eigandinn.*“ Páll Gústaf áframsendi þessa fyrirspurn til kærða Guðmundar með spurningunni: „*Sæll Guðmundur. Getur þú svarað þessu?*“ Kærði Guðmundur svaraði: „*Sæll. Já,*

sbr. það sem við ræddum. Sjöstjarnan er með ábyrgð á húsaleigusamningi Reita og þetta er á móti þeirri ábyrgð." Þrátt fyrir að kærði Guðmundur hafi verið beðinn um skýringar og eftir því leitað af bókará EK að hún fengi einhverja pappíra til að setja inn í bókhaldið hóstaði kærði Guðmundur ekki orði upp úr sér varðandi lánessamninginn sem átti að hafa verið undirritaður tveimur og hálfum mánuði áður og enn síður útvegaði hann bókaránum afrit af honum til að færa inn í bókhaldið. Brá bókarinn á það ráð að nota emailsamskipti þessi sem skjal í bókhaldið (fskj. 9).

e. Þrátt fyrir skýr ákvæði í lánessamningnum hafa kærðu ekkert lagt fram um það að Sjöstjarnan hafi tilkynnt EK um gjaldfellingu lánsins. Fjárhæðin sem um teflir í málinu kr. 21.316.582 stemmir ekki við skilmála lánessamningsins um 7% vexti heldur var einfaldlega um það að ræða að 21 mkr var endurgreidd og henni fylgdu þeir innlásvextir sem safnast höfðu saman frá 1. október 2015 til 15. marz 2016.

Gæfu menn sér það að lánessamningurinn hafi í raun og veru, þrátt fyrir að allt annað blasi við, verið undirritaður, væri hann skuldbindandi fyrir Sjöstjörnuna en algerlega óskuldbindandi fyrir EK, enda getur vara- maður í stjórn ekki skuldbundið félag, þá sérstaklega ekki þegar til staðar eru í félagi bæði stjórnarmaður og framkvæmdastjóri.

Tilvísun kærða Guðmundar í Gunnar Thoroddsen, sem var eini stjórnarmaður EK á þessum tíma um að hann hafi staðfest að skilningur EK hafi verið sá að fjármunir þessir væru lagðir til EK eingöngu vegna ábyrgðarinnar og ætti því að skila um leið og skuldbinding gagnvart bankanum (vegna ábyrgðarinnar) væri fallin niður og hafi aldrei átt að teljast til rekstrarfjármuna EK er býsna fráleit þegar höfð er hliðsjón af tölvupósti Gunnars til skiptastjóra þar sem hann segist ekkert muna um þetta. Tilvitnunin í Gunnar ber það með sér að hann hefur ekki verið reiðubúinn að taka þátt í skjalabrotum kærðu.

Í bréfi sínu til skiptastjóra byggir kærði Guðmundur á því að þegar Íslandsbanki hafi aflétt veðrétti sínum í kjölfar þess að leiguábyrgð bankans féll niður hafi bankainnistæðan ekki verið til frjálsrar ráðstöfunar EK. Þessi staðhæfing stenst enga skoðun. Í fyrsta lagi var bankainnistæðan á reikningi í eigu EK. Í öðru lagi var bankabókin og innistæðan á henni skv handveðsyfirlýsingunni bæði veðbanda- og kvaðalaus og engir fyrir- varar í gildi um eignarrétt annarra. Í þriðja lagi liggur fyrir að eftir að handveðsyfirlýsing Íslandsbanka var sett á bókina voru engin veðbönd sett á bókina eða innistæðuna á bókinni. Í fjórða lagi er það fullkominn þvættingur og vitsvitandi rangfærslur, sem fram kemur í bréfi kærða Guðmundar að þar sem Íslandsbanka hafi verið tilkynnt að ráðstöfunin væri tímabundin og skyldi bakfærast frá EK til Sjöstjörnunnar hafi bankanum sem „vörsluaðila innistæðunnar“ verið þar með kunnugt um rétt Sjöstjörnunnar til innistæðunnar. Hið rétta er að ráðstöfunin átti að vera tímabundin þar sem til stóð að sjálfskuldarábyrgð Leitis kæmi í staðinn fyrir innistæðuna á bankabók EK. Það samþykkti Íslandsbanki hins vegar aldrei. Það er því algerlega óskiljanleg fullyrðing hjá kærða Guðmundi að EK hafi ekki haft umráð yfir sinni eigin bók eftir að veðböndum var aflétt.

Með hliðsjón af því sem rakið hefur verið er því hafnað sem fram kemur í bréfi kærða Guðmundar að um hafi verið að ræða venjulega endurgreiðsla á gjaldföllnu láni. Það eina sem til sanns vegar má færa er að EK skuldaði Sjöstjörninni, sem hafði lánað EK þessar 21 mkr þegar Sjöstjarnan, til eigin hagsbóta, lagði út fyrir bankainnistæðu á móti leiguábyrgð, svo að sala gæti farið fram til Reita I. Ekkert hefur hins vegar verið lagt fram um hina meintu gjaldfellingu og ekkert við þess endurgreiðslu er eðlilegt, enda með sérdeilis ósvífnum hætti verið að mismuna kröfuhöfum þegar Sjöstjarnan, sem er í eigu sama aðila og EK, fær sína kröfu greidda á lokametrum EK að fullu, á sama tíma og margir kröfuhafar sátu eftir með sárt ennið með háar uppsafnaðar kröfur.

Að mati skiptastjóra er það síðan athyglisvert, að þrátt fyrir að bókahald félagsins hafi verið uppfært fram til þess dags að það fór í þrot, er ekkert bókað um greiðsluna til Sjöstjörnunnar í bókhaldi, sem þó var uppfært af Löggitlum endurskoðendum.

Að mati skiptastjóra, er ekki aðeins um einhliða sjálfstöku að ræða vegna kröfu Sjöstjörnunnar og riftanlegan gerning, heldur er ekki nokkur vafi á því að mati skiptastjóra, eftir vandlega skoðun, að þessar ráðstafanir fela í sér refsiverðan verknað með vísan til XVII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um skjala- og auðgunarbrot.

Í 158. gr. segir m.a. að tilgreini maður eitthvað ranglega í skjali sem hann gefur út eða röng gögn í lögskiptum, sem væru þau rétt að efni til og það er gert til þess að blekkja með því í lögskiptum, þá varðar það fangelsi allt að 3 árum.

Það er augljóst að mati skiptastjóra að umrædd millifærsla er gerð í einbeittum auðgunartilgangi; annars vegar er kærði Skúli að auðgast persónulega í gegnum félag sitt Sjöstjörnuna og kærði Guðmundur fyrir hönd þess sama félags sem framkvæmdastjóri. Telur skiptastjóri einna helst að ráðstafanir þessar megi heimfæra undir fjárdráttarákvæði 247. gr. enda eru kærðu í sameiningu að draga sér fé til handa Sjöstjörnu. Einnig kemur til greina að fella þessa háttsemi undir 249. gr. um umboðssvik í tilviki kærða Skúla enda var hann í krafti aðstöðu sinnar hjá EK að gera eitthvað sem EK varð bundið við (denominatio a potioni). Það er síðan augljóst að brotið fellur jafnframt undir 250. gr. um skilasvik, sbr. 4. tl. en það er skilasvik sem varðar allt að 6 ára refsing þegar skertur er réttur einhvers lánardrottins síns til þess að öðlast fullnægju af eignum með því, eins og í þessu tilviki, að kærðu gáfu rangar upplýsingar, skutu undan eignum, suðu saman málamyndagerning og greiddu og tryggðu tiltölulega háa gjaldkræfa kröfu.

Ekki aðeins er það siðferðilega ámælisvert heldur felur það og í sér refsiverða háttasemi þegar kærði Skúli og kærði Guðmundur, við skýrslutökur hjá skiptastjóra, áminntir um sannsögli og að röng skýrslugjöf hjá skiptastjóra gæti bakað þeim refsíabyrgð, greindu í engu frá því að fjárfrafa Sjöstjörnunna á hendur EK skyldi hafa verið gerð upp með þessum hætti sem að framan hefur verið rakið. Vísast um það til 146. gr. alm. hgl. þar sem kveðið er á um það að gefi maður opinberu stjórnvaldi ranga yfirlýsingu um málefni, sem honum er skylt að gefa upplýsingar um, þá skuli hann sæta sektum eða fangelsi allt að 4 mánuðum. Skiptastjóri, sem er opinber sýslunarmaður, skipaður af héraðsdómi, er er opinbert stjórnvald í skilningi þessa ákvæðis.

Krafist er refsingar yfir kærðu og áskilnaður hafður uppi um einkaréttarlega kröfu á hendur þeim fyrir hönd kæranda.

Virðingarfyllst.



Sveinn Andri Sveinsson hrl.

Samrit:

LOGOS
Erlendur Gíslason hrl / Heiðar Ásberg Atlason hrl.
Efstaleiti 5
103 Reykjavík

Kæra Þrotabús EK1923 ehf
á hendur
Skúla Gunnari Sigfússyni
og Guðmundi Hjaltasyni

Fylgiskjöl

1. Kaupsamningur um Skútuvog 3, dags. 1. október 2015.
2. Yfirlýsing vegna húsaleiguábyrgðar, dags. 1. október 2015.
3. Millifærslubeiðni dags. 1. október 2015.
4. Millifærslubeiðni dags. 1. október 2015.
5. Handveðsyfirlýsing dags. 1. október 2015.
6. Lánssamningur dags. 1. október 2015.
7. Ábyrgðarumsókn frá 1. október 2015 og tölvupóstsamskipti í tengslum við hana frá 2. október 2015.
8. Tölvupóstsamskipti kærða Guðmundar og Smára Björnssonar við Íslandsbanka frá 2. október 2015.
9. Tölvupóstsamskipti Páls Arnar Gústaf við kærða Guðmund og Birnu Björk Hinriksdóttur, frá 16. desember 2015.
10. Yfirlit bankareiknings 515-14-105502, tekið 16. desember 2016.
11. Yfirlit bókhaldslykils úr bókhaldi EK 2015, 3002 sjóður og bankareikningar.
12. Samkomulag milli EK og Reita I, dags. 11. marz 2016.
13. Tölvupóstsamskipti kærðu Skúla og Guðmundar við Silju Guðmundsdóttur, lánastjóra Íslandsbanka þann 14. marz 2016.
14. Tilmæli Elvars Jónssonar fyrirtækjaráðgjafa hjá Íslandsbanka Kirkjusandi um millifærslu af reikningi 515-14-105502 yfir á reiking 111-26-736 og eyðileggingu fyrri reikningsins.
15. Endurrit af samtalsupptöku milli starfsmanna Íslandsbanka þann 15. marz 2016.
16. Viðskiptakvittun frá 15. marz 2016 kl. 09.23.43.
17. Gjaldþrotarárskurður Héraðsdóms Reykjavíkur frá 7. september 2016.
18. Endurrit úr gerðabók skiptastjóra, dags. 9. september 2016.
19. Endurrit úr gerðabók skiptastjóra dags. 21. september 2016.
20. Endurrit úr gerðabók skiptastjóra dags. 11. nóvember 2016.
21. Tölvupóstur Guðrúnar Hólmsteinsdóttur, lögfr. Íslandsbanka til skiptastjóra dags. 21. desember 2016.
22. Bréf skiptastjóra til Sjöstjörnunnar, dags. 23. desember 2016.
23. Tölvupóstur Gunnars Thoroddsen hdl til skiptastjóra, dags. 28. desember 2016.
24. Bréf Sjöstjörnunnar til skiptastjóra, dags. 30. desember 2016.
25. Bréf Páls Gústafs Arnar til skiptastjóra og Brynju Bjarkar Hinriksdóttur, dags. 30. desember 2016.
26. Tölvupóstur Silju Guðmundsdóttur til skiptastjóra, dags. 30. desember 2016.
27. Tölvupóstur Silju Guðmundsdóttur til skiptastjóra, dags. 3. janúar 2017.

Reykjavík 9. janúar 2017.



Sveinn Andri Sveinsson hrl.